



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. júní 2025
USK24060172

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 25. júní 2025 varðandi eftirfarandi mál:

Norðlingaholt - Breyting á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðlingaholt. Í breytingunni sem lögð er til felst að mörk deiliskipulagssvæðisins breytast og sá hluti sem áður tilheyrði skipulaginu verður eftir breytingu hluti af deiliskipulagi Suðurlandsvegar, frá Bæjarhálsi að sveitarfélagamörkum við Mosfellsbæ nálægt Hólmsá, samkvæmt uppdrætti Eflu, dags. 20. desember 2023.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks sitja hjá undir þessum lið en gagnrýna að skipulagið fari í kynningu yfir hásumarið enda íbúar og hagaðilar í betri færum að kynna sér fyrirliggjandi skipulagstillögur utan sumarleyfistíma. Gera fulltrúarnir alla hefðbundna fyrirvara um endanlega afgreiðslu málsins að auglýsingu lokinni.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
*Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið*


Fylgiskjöl: Uppdráttur Eflu, dags. 20. desember 2023.



Reykjavík

Norðlingaholt


Deiliskipulagsbreyting



DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:2000, DAGS 11. APRÍL 2002 MEÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGSMÖRKUM FRÁ 17. FEBRÚAR 2011.



DEILSKIPULAGSMÖRK EFTIR BREYTINGU 1:2000



AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKURBORGAR 2040

SAMÞYKKTIR


Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 43. grein
skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum var samþykkt
í umhverfis- og skipulagsráði þann _____
og í borgarstjórn þann _____

Tillagan var auglýst frá _____
með athugasemdafresti til _____

f.h. Reykjavíkurborgar _____

Auglýsing um gildistöku skipulagsins
var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

SKÝRINGAR



GREINARGERE

Deiliskipulag fyrir Norðlingaholt var staðfest í 8-deild Stjórnartíðinda þann 5. júní 2003. Breyting var gerð á afmörkun skipulagsins í febrúar 2011 og er sú breyting sýnd á gildandi uppdrætti. Aðrar breytingar sem gerðar hafa verið á skipulaginu eru ekki sýndar á uppdrætti.

Gerð er breyting á uppdrætti skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að mörk deiliskipulagssvæðisins breytast og sá hluti sem áður tilheyrði skipulaginu verður eftir breytingu hluti af deiliskipulagi Suðurlandsvegar, frá Bæjarhálsi að sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ nálægt Hólmsá.

Aðeins er gerð breyting á uppdrætti. Afmörkun skipulagssvæðisins minnkar um 11 ha á norðurhluta svæðisins.

Breyting á deiliskipulagi hefur engin umhverfisáhrif umfram gildandi skipulags. Að öðru leiti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.



Norðlingaholt
Reykjavíkurborg
Deiliskipulagsbreyting

SKJALALYKILL:	BLAÐSTÆRD:	UNNIÐ:	RÝNT:
100624	A2	MMR	HRB
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:2000	20.12.2023	---	

SAMPYKKT: **TILLAGA**